

Litur GULUR

Litur GULUR gefur til kynna veður sem er nokkuð algengt, en getur samt á einhvern hátt sett strik í reikning vegfaranda eða að það þurfi að sýna sérstaka aðgát. Gjarnan er um staðbundnar aðstæður að ræða á fjölförnum leiðum, en líka þegar veður er af meiri styrk á svæðum eða landshlutum þar sem umferð er minni. Alla jafna er ekki varað sérstaklega við á fáfarnari leiðum þegar veður er staðbundið. Vegfarendur sýni aðgát og reyni eftir föngum að gera breytingar á sínum ferðum

Litur APPELSÍNUGULUR

Litur APPELSÍNUGULUR er vísbening um veður af óvenjulegum styrk og/eða það er líklegt til að valda umtalsverðum truflunum á samgöngum á fjölförnustu svæðum eða heilum landshlutum. Oft en ekki endilega alltaf getur viðvörðun leitt til fyrirbyggjandi lokana af hálfu Vegagerðarinnar. Vegfarendur hugi mjög vel að öllum aðstæðum og öryggi sínu. Oftast þurfa vegfarendur að endurskoða sína ferðatilhögun.

Litur RAUÐUR

Litur RAUÐUR er viðvörðun þegar um óveður af sjaldgæfum styrk er væntnlegt og það leiðir jafnframt til samgönguröskunar. Lokanir fjölfarinnna leiða, jafnvel heilu landshlutana geta komið til áлита. Viðvaranir á efsta stigi eru ekki gefnar út nema í samráði Vegagerðar við aðila s.s. eins og lögreglu og almannavarnadeild. Í raun hættuástand sem vegfarendur verða að taka fullt tillit til.